


Hvað er á seyði um helgina?

## Messur



### Guðsþjónustur

í Reykjavíkprófestsdæmi sunnudaginn 3. febrúar 1985.

**ARBÆJARPRESTAKALL:** Barnasamkoma í Safnaðarheimili Arbæjar-sóknar kl. 10.30. Guðsþjónusta í Safnaðarheimilinu kl. 2.00. Organleikari Smári Olason. Miðvikudag 6. febr.: Fyrirbæstund í Safnaðarheimilinu kl. 19.30. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

**ASKIRKJA:** Barnaguðsþjónusta kl. 11.00. Guðsþjónusta kl. 2.00. Kaffisala Safnaðarfélagsins eftir messu. Sr. Árni Bergur Sigurbjörnsson.

**Breiðholtsprestakall:** Barnasamkoma kl. 11.00. Messa kl. 14.00 í Breiðholts-skóla. Fermingarborn aðstoða. Sr. Lárus Halldórsson.

**BÚSTAÐAKIRKJA:** Barnasamkoma kl. 11.00. Sr. Sólveig Lára Guðmundsdóttir. Guðsþjónusta kl. 2.00. Organleikari Guðni Þ. Guðmundsson. Æskulýðsfundur þriðjudagskvöld. Félagsstarf aldraðra miðvikudag kl. 2-5. Aldraðir íbúar sóknarinnar sem óska eftir bílfari fyrir messuna láti vita í síma 35507 milli kl. 10 og 12 á sunnudag. Sr. Ólafur Skúlason.


**DIGRANESPRESTAKALL:** Barnasamkoma í Safnaðarheimilinu við Bjarnhólastíg kl. 11.00. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 11.00. Aðalfundur kirkjufélagsins í Safnaðarheimilinu fimmtudagskvöld kl. 20.30. Sr. Þorbergur Kristjánsson.

**DÓMKIRKJAN:** Laugardag: Barnasamkoma í kirkjunni kl. 10.30. Sr. Hjalti Guðmundsson. Sunnudag: Messa kl. 11.00. Sr. Agnes M. Sigurðardóttir messar. Sr. Þórir Stephensen. Messa kl. 2.00. Sr. Hjalti Guðmundsson. Dómkórinn syngur. Organleikari Marteinn H. Friðriksson.

**ELLIHEIMILÍÐ GRUND:** Messa kl. 10.00. Sr. Lárus Halldórsson.

**FELLA- OG HÓLAPRESTAKALL:** Laugardag: Barnasamkoma í Hólabrekkuskóla kl. 14.00. Sunnudag: Barnasamkoma í Fellaskóla kl. 11.00. Guðsþjónusta í Menningarmiðstöðinni við Gerðuberg kl. 14.00. Sr. Hreinn Hjartarson.

**FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK:** Almenn guðsþjónusta kl. 14.00. Ræðuefni: Talentur í Vingarði. Hjónavígsla verður í messunni og tvö börn



Meðal margra verka sem flutt verða á tónleikunum er verkið „Viva strætó“ eftir Skúla Halldórsson, en það er tileinkað Strætisvögnum Reykjavíkur.

## Myrkir músíkdagar

Tvennir tónleikar í Bústaðakirkju um helgina

Það er orðin árviss hefð að halda Myrka músíkdaga á þessum árstíma. Tilgangurinn með þeim er m.a. að vekja athygli á íslenskum tónskáldum og stöðu þeirra.

Tvennir tónleikar verða um þessa helgi á vegum Myrka músíkdaga. Þeir fyrri á morgun kl. 17.00 og þeir síðari á sunnudag á sama tíma. Verða þeir í Bústaðakirkju.

Á fyrri tónleikunum leikur strengjaskvartett Guðnýjar Guðmundsdóttur en hann skipa auk hennar Szymon Kuran, Robert Gibbons og Carmel Russill. Leika þau verk eftir Gunnar Reyni

Sveinsson, Þorkel Sigurbjörnsson og Karólínu Eiríksdóttur.

Síðari tónleikarnir verða kammer-tónleikar. Meðal þeirra verka sem þar verða flutt eru þrjú þættir fyrir 9 blásara eftir Pál P. Pálsson, Herbert H. Agústsson og Werner Schulze, Sextett eftir Fjölni Stefánsson, Hríml eftir Áskel Mátsson, Dúó fyrir basseton og selló og „Viva strætó“ eftir Skúla Halldórsson. Það verk samdi Skúli 1984 í tilefni 50 ára starfsafmælis síns hjá SVR og er verkið tileinkað Strætisvögnum Reykjavíkur.

-klp-



Það eru gítarnemendur á framhaldsskólastigi sem leika á tónleikunum.

# TÓNLEIKAR Í GERÐUBERGI

Á morgun, 2. febrúar kl. 17.00, heldur Tónskóli Sigursveins Kristinssonar tónleika í Menningarmiðstöðinni við Gerðuberg.

Á tónleikunum koma fram gítarnemendur á framhaldsstigum og flytja m.a. verk eftir Bach, Schubert, Sanz, Lobos, Barrios og Leo Brower.

## Afmælissýning Sveins Björnssonar á Kjarvalsstöðum

Um helgina opnar Sveinn Björnsson, lögregluámaður í Hafnarfirði, afmælissýningu að Kjarvalsstöðum, en Sveinn verður sextugur í þessum mánuði.

Á sýningunni eru 52 myndir, allt mjög stór oluverk. Sveinn var með sína síðustu einkasýningu á Kjarvalsstöðum fyrir tæplega tveim árum og vakti hún verðskuldaða athygli eins og raunar allar sýningar hans.

Hann hélt sína fyrstu einkasýningu í Sjálfstæðishúsinu í Hafnarfirði 1952. Hann hafði þá dundað við að mála í fristundum úti á sjó, en hann var sjómaður á Hafnarfjarðartogurinum.

Árið 1954 hélt hann aðra sýningu í Listamannaskálanum í Reykjavík og kom þá beint af Halamiðunum á sýninguna. Vakti sú sýning mikla athygli, enda óvenjulegt þá að stýrimaður á togara héldi málverkasýningar.

Eftir það fór hann í nám til Danmerkur og kom sér í land til að geta unnið betur að list sinni. Það hefur hann gert og tekið þátt í fjölmörgum samsýningum og haldið nokkrar einkasýningar.

Sýning hans að Kjarvalsstöðum verður opin frá kl. 14 til 22 og stendur hún yfir til 17. febrúar.

-klp-



Sveinn Björnsson við eitt hinna mörgu stóru málverka sinna á sýningunni.

skirð. Fríkirkjukórinn syngur, organleikari og söngstjóri Pavel Smid. Sr. Gunnar Björnsson.

**GRENSÁSKIRKJA:** Barnasamkoma kl. 11.00. Guðsþjónusta kl. 14.00. Organleikari Árni Arinbjarnarson. Sóknarnefndarfundur mánudag kl. 17.30. Æskulýðsstarf föstudag kl. 17-19. Sr. Halldór S. Gröndal.

**HALLGRÍMSKIRKJA:** Barnasamkoma og messa kl. 11.00. Altarísganga. Sr. Karl Sigurbjörnsson. Kvöldmessa með altarísgöngu kl. 17.00. Sr. Ragnar Fjalar Lárússon. Þriðjudag: Fyrirbæstund kl. 10.30, beðið fyrir sjúkum. Fimmtudag: Kvenfélagsfundur í safnaðarsal kl. 20.30. Laugardag: Samvera fermingarbarna kl. 9-14. Félagsvist í safnaðarsal kl. 15.00.

**LANDSPÍTALINN:** Guðsþjónusta kl. 10.00. Sr. Ragnar Fjalar Lárússon.

**HÁTEIGSKIRKJA:** Messa kl. 10.00. Barnaguðsþjónusta kl. 11.00. Sr. Arngrímur Jónsson. Messa kl. 2.00. Sr. Tómas Sveinsson.

**BORGARSPÍTALINN:** Guðsþjónusta kl. 10.00. Sr. Tómas Sveinsson.

**KÁRSNESPRESTAKALL:** Laugardag: Barnasamkoma í Safnaðarheimilinu Borgum kl. 11 árd. Sunnudag: Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 2.00. Miðvikudag: Spilakvöld á vegum þjónustudeildar safnaðarins í Borgum kl. 20.30. Sr. Árni Pálsson.

**LANGHOLTSKIRKJA:** Oskastund barnanna kl. 11.00. Söngur — sögur — myndir. Sögumaður Sigurður Sigurgeirsson. Guðsþjónusta kl. 14.00. Prestur sr. Pjetur Maack. Organleikari Jón Stefánsson. Sóknarnefndin.

**LAUGARNESKIRKJA:** Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11.00. Skólakór Kársnesskóla syngur. Fermingarborn aðstoða: Mánudag 4. febr. Aðalfundur Kvenfélags Laugarnessóknar kl. 20.00. Þriðjudag: Bænauguðsþjónusta kl. 18.00. Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson.

**NESKIRKJA:** Laugardag: Samverustund aldraðra. Heimsókn í athvarf aldraðra í Armúla 32. Kynnt verða réttindi ellilífeyrisþega á afslætti á ýmiss konar þjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Kaffiveitingar. Brottför frá Neskirkju kl. 15.00. Sr. Frank M. Halldórsson. Sunnudag: Barnasamkoma kl. 11.00. Messa kl. 14.00. Orgel og kórstjórn Reynir Jónasson. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson. Mánudag: Æskulýðsstarf kl. 20.00.

Miðvikudag: Fyrirbæstund kl. 18.20. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson. Fimmtudag: Biblíulestur kl. 20.00. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson. Ath. Opið hús fyrir aldraða þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13-17 (húsið opnað kl. 12). Kvenfélagið.

**SELJASÓKN:** Barnaguðsþjónusta í Ölduselsskóla kl. 10.30. Barnaguðsþjónusta í Seljaskóla, ath. ekki í íþróttahúsinu vegna viðgerðar þar. Guðsþjónusta í Ölduselsskólanum kl. 14.00. Þriðjudag kl. 20.00: Fundur æskulýðsfélagsins í Tindaseli 3. Videokvöld. Fyrirbæstund Tindaseli 3, fimmtudagskvöld kl. 20.30. Sóknarprestur.

**SELTJARNARNESSÓKN:** Barnasamkoma í Sal Tónskólans kl. 11.00. Sóknarnefndin.

**FRÍKIRKJAN Í HAFNARFIRÐI:** Barnasamkoma í kirkjunni kl. 10.30. Sr. Einar Eyjólfsson.

**PRESTAR REYKJAVÍKUR-PRÓFASTSDÆMI:** Hádegisfundur í Hallgrímskirkju mánudag.

**Hafnarfjarðarkirkja**

Sunnudagaskóli kl. 10.30. Guðsþjónusta kl. 14.00.

Sr. Gunnþór Ingason.


**Kirkja Óháða safnaðarins**

Barna- og fjölskyldumessa kl. 11.00. Sr. Baldur Kristjánsson.

**Keflavíkurkirkja:** Fjölskylduguðsþjónusta kl. 14. Vænt er þátttöku fermingarbarna og fjölskyldna þeirra.

Sóknarprestur.

## Söfnin



### Listmunahúsið Lækjargötu 2

Eggert Magnússon sýnir þar 40 ný og nýleg olumálverk. Sýningin, sem er sölusýning, er opin virka daga kl. 10-18 og um helgar kl. 14-18. Lokað á mánudögum. Henni lýkur á sunnudagskvöld.

### Stofnun Árna Magnússonar

Handritasýning, opin á þriðjudögum, fimmtudögum og laugardögum frá kl. 14-16.

### Listasafn Íslands

Um þessar mundir stendur yfir sýning á verkum safnsins. Er þar að finna grafíkmyndir, olumálverk og höggmyndir. Einnig stendur yfir sýning á vatnslitamyndum Gunnlaugs Scheving og glerverkum Leifs Breiðfjörð. Safnið er opið sunnudaga, þriðjudaga, fimmtudaga og laugardaga kl. 13.30-16.

### Ásgrímssafn Bergstaðastræti 74

Árleg skólasýning Ásgrímssafns verður opnuð á sunnudaginn. Tímabantanir og nánari upplýsingar eru veittar hjá Sólveigu og Bryndísi á Fræðsluskrifstofu Reykjavíkurmundemis í síma 621550. Símatími mánudaga kl. 13.30-16 og fimmtudaga kl. 9-12. Sýningin er opin á þriðjudögum, fimmtudögum og sunnudögum kl. 13.30-16. Sýningin stendur til aprílloka.

### Mokkakaffi v/Skólavörðustíg

Síðasta sýning á verkum Tryggva Hanssonar, en Tryggvi sýnir þar smámyndir unnar með blandaðri tækni.



### Kjarvalsstaðir v/Miklatún

Sveinn Björnsson opnar málverkasýningu í Vestursal á morgun. Opið alla daga kl. 14-22.

### Norræna húsið v/Hringbraut

I anddyri Norræna hússins er sýningin „Holbergshéðin í listum og ljósmyndum“ og í bókasafni er sýning á ljósmyndum sem sýna ýmsar uppfærslur á Holbergsteikritum. Einnig eru þar bækur um og eftir Holberg, handrit að þýðingum og fleira.

Opið um helgina

**KLÚBBURINN**